

8. maí 1945.

ALÞYÐUBLAÐIÐ

Bókarfregn:

Austantórur Jóns Pálssonar

FYRIR nokkrum árum var ég staddur í átthögum mín um austur á Stokkseyri sunnu dag að vorlagi ásamt kunningja mínum úr Reykjavík. Gekk heimafolk í kirkju að hlýða messu, en við félagarnir hugðum að báti þeim, sem hélt uppi ferðum milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja. Brátt kváðu, ómar kirkjuorgelsins við, og gaf ég því gætur, að kunningi minn lagði þegar við hlustirnar, en hann er maður mjög næmur á söng og tónlist. Spurði hann mig, hver það væri, sem léki svo snilldarlega á kirkjuorgelið. Gat ég skýrt honum frá því, hver það væri, er hefði starfa organistans með höndum í Stokkseyrarkirkju, enda mun hverjum þeim, sem slitið hefur barnsskóm á Stokkseyri auðvelt að leysa úr þeirri spurningu. Varð kunningi minn svo hrifinn af hljóðfæraslættinum, að við gengum í kirkju að áeggjan hans, þótt hvorugur hefði raunar til þess ætlazt.

Þegar í guðshúsið kom, sannfærðist ég brátt um það, að Gísli heitinn Pálsson í Hoftúni lék ekki á kirkjuorgelið að þessu sinni heldur frændi hans Páll Ísólfsson tónskáld. Jafnframt þóttist ég verða þess var, að eitthvað sérstakt væri um að vera í Stokkseyrarkirkju að þessu sinni. Sú var líka raunin. Nýju orgeli hafði verið komið fyrir í kirkjunni þarna á hrjósturströndinni og þetta var í fyrsta sinni, sem ómar þess juku á hátíðleik messugerðar.

Kunningi minn undi guðþjónustunni hið bezta vegna hljóðfærasláttar Páls Ísólfssonar. Næmi mitt á tóna er hins vegar ekki meira en það, að mér fannst orgelleikurinn að þessu sinni í engu frábrugðinn því, sem var, þegar ég í æsku sat á helgidögum í þessu sama guðshúsi og Gísli í Hoftúni lék á gamla orgelið, sem nú hafði lokað þjónustu sinni og vilkið um set fyrir öðru nýju. En annar var sá þáttur í sambandi við þessa messugerð, sem ég nam og kunni að meta. Það var erindi, sem Jón Pálsson fyrrverandi bankaféhirðir flutti um kirkjusöng og sönglíf á Stokkseyri. Til þess þótti mér mun meira koma en ræðu klerksins, söngsins eða hljóðfærasláttar Páls Ísólfssonar.

Síðan hef ég oft hlýtt á hljóðfæraslátt Páls Ísólfssonar og verið áheyrandi þess, er hann stjórnar þjóðkórnum úti á landsbyggðinni eða í útvarpinu með sínum sérstæða og skemmtilega hætti. En ónæmur er ég á tónana hans eins og áður. Hins vegar hef ég ekki heyrt Jón Pálsson flytja erindi öðru sinni, sem ég hefði þó mun fremur kosið en fylla laglaus flokk syngjandi karla og kvenna.

Þessir menn áður sýnt átthög um sínum mangvíslega ræktarsemi, en spá mín er sú, að þetta framtak þeirra muni ekki hvað sízt mikils metið af þeim, sem byggja lágsveitir Árnessýslu og einhvers meta sögu og sagnir byggða sinna.

Það er alls ekki ætlun mín að ritdæma þessa bók Jóns Pálssonar. Slíkum vanda er ég ekki vaxinn, og svo hygg ég raunar að verði um flesta. Bók Jóns hefur að geyma margháttaðan fróðleik, sem hann hefur háð sér á langri ævileið. Og megin hluti bókarinnar hefur að geyma fróðleik og athuganir, sem tengdar eru reynslu og könnun höfundarins sjálfs. Fáa menn hygg ég lífsreyndari en þennan nær áttæða fræðapul. Og engum, sem bók hans les af skilningi og góðvilja, dylst hin ríka athyglisgáfa hans og könnunarþrá.

Þessu fyrsta hefti Austantóra má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru þættir Jóns af Brandi Magnússyni í Roðgúl, Kolbeini Jónssyni í Ranakoti og Þorleifi Kolbeinssyni á Stóru-Háeyri. Hins vegar er svo þáttur hans um veðurmerki og veðurspár í Árnessýslu, sem líklegt er að vekja muni mikla athygli. Skal ósagt látið um það, hvaða dóma hinir lærðu veðurfræðingar muni fella um þetta mál Jóns Pálssonar. En leikmaðurinn hlýtur að telja þennan þátt fróðlegan og verðan athygli. Og vissulega fer vel á því, að Jón Pálsson skuli hafa ritað um þetta efni svo ýtarlega og skemmtilega, sem raun hefur á orðið, því að hér er um fróðleik að ræða, sem hætt er við, að ella hefði týnzt og fyrnzt eins og margt annað, er gengnar kynslóðir tóku með sér í grafir sínar og ekki verður endurheimt. Og ef til vill kann svo að fara, að þessar athuganir Jóns verði ekki taldar ómerkari en margar þær minjar, sem búinn er staður í söfnum þeim, sem lýsa eiga lífi og sögu Íslendinga.

Veðurfræði hinna hraustu drengja, sem sjóinn sóttu fyrr um af hrjósturströnd Suðurlands, er ef til vill barnaleg að dómi þeirra, sem hafa stásstofur höfðingjanna í Reykjavík að vistaverum og skrifstofur þeirra að starfsstöðvum. En samt sem áður er hér um að ræða minningar frá liðnum öldum, sem víst er engan veginn óþjóðlegri fróðleikur en ýmislegt það, sem útgefendur og auglýsendur nefna þjóðlegan fróðleik og telja mikils um vert, að almenningur meti til kaupa. Og Jón hefir með þessum þætti bókar sinnar brugðið upp myndum af þjóðlífi og þjóðarhögum frá liðnum öldum, sem Íslendingum er sæmd að geyma.

Enn þann dag í dag gætir áminnað um þessa fræða for

um að bati þeim, sem hélt uppi ferðum milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja. Brátt kváðu, ómar kirkjuorgelsins við, og gaf ég því gætur, að kunningi minn lagði þegar við hlustirnar, en hann er maður mjög næmur á söng og tónlist. Spurði hann mig, hver það væri, sem léki svo snilldarlega á kirkjuorgelið. Gat ég skýrt honum frá því, hver það væri, er hefði starfa organistans með höndum í Stokkseyrarkirkju, enda mun hverjum þeim, sem slitið hefur barnsskóm á Stokkseyri auðvelt að leysa úr þeirri spurningu. Varð kunningi minn svo hrifinn af hljóðfæraslættinum, að við gengum í kirkju að áeggjan hans, þótt hvorugur hefði raunar til þess ætlazt.

Þegar í guðshúsið kom, sannfærðist ég brátt um það, að Gísli heitinn Pálsson í Hoftúni lék ekki á kirkjuorgelið að þessu sinni heldur frændi hans Páll Ísólfsson tónskáld. Jafnframt þóttist ég verða þess var, að eitthvað sérstakt væri um að vera í Stokkseyrarkirkju að þessu sinni. Sú var líka raunin. Nýju orgeli hafði verið komið fyrir í kirkjunni þarna á hrjósturströndinni og þetta var í fyrsta sinni, sem ómar þess juku á hátíðleik messugerðar.

Kunningi minn undi guðþjónustunni, hið bezta vegna hljóðfærasláttar Páls Ísólfssonar. Næmi mitt á tóna er hins vegar ekki meira en það, að mér fannst orgelleikurinn að þessu sinni í engu frábrugðinn því, sem var, þegar ég í æsku sat á helgidögum í þessu sama guðshúsi og Gísli í Hoftúni lék á gamla orgelið, sem nú hafði lokid þjónustu sinni og víkið um set fyrir öðru nýju. En annar var sá þáttur í sambandi við þessa messugerð, sem ég nam og kunni að meta. Það var erindi, sem Jón Pálsson fyrrverandi bankaféhirðir flutti um kirkjusöng og sönglíf á Stokkseyri. Til þess þótti mér mun meira koma en ræðu klerksins, söngsins eða hljóðfærasláttar Páls Ísólfssonar.

Síðan hef ég oft hlýtt á hljóðfæraslátt Páls Ísólfssonar og verið áheyrandi þess, er hann stjórnar þjóðkórnum úti á landsbyggðinni eða í útvarpinu með sínum sérstæða og skemmtilega hætti. En ónæmur er ég á tónana hans eins og áður. Hins vegar hef ég ekki heyrt Jón Pálsson flytja erindi öðru sinni, sem ég hefði þó mun fremur kosið en fylla laglaus flokk syngjandi karla og kvenna.

En nú fyrir skömmu er komin á lesmarkaðinn bók eftir Jón Pálsson, sem ber heitið Austantóra. Er þar um að ræða fyrsta hefti af allmiklu ritsafni, sem flytja á hinn margvíslega fróðleik, er hann hefur numið og skrásett á langri ævi. Guðni meistari Jónsson býr ritsafn þetta undir prentun, en Víkinga útgáfan annast útgáfuna, sem er til mikils sóma í hvívetna. Guðni Jónsson og Ragnar Jónsson framkvæmdastjóri Víkingaútgáfunnar eru sem kunnugt er báðir ættaðir úr lágsveitum Árnessýslu. Er það mikilla þakka vert, að þeir skuli hafa tekizt á hendur að koma „gulli því, sem Jón Pálsson lá á“ eins og Guðni kveður að orði í formláðsorðum bókarinnar, fyrir almenningssjónir. — Báðir hafa

byggðað sinna.

Það er alls ekki ætlun mín að ritdæma þessa bók Jóns Páls sonar. Slíkum vanda er ég ekki vaxinn, og svo hygg ég raunar að verði um flesta. Bók Jóns hefur að geyma mangháttaðan fróðleik, sem hann hefur háð sér á langri ævileið. Og meginhluti bókarinnar hefur að geyma fróðleik og athuganir, sem tengdar eru reynslu og könnun höfundarins sjálfs. Fáa menn hygg ég lífsreyndari en þennan nær áttæða fræðapul. Og engum, sem bók hans les af skilningi og góðvilja, dylst hin ríka athyglisgáfa hans og könnunarþrá.

Þessu fyrsta hefti Austantóra má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru þættir Jóns af Brandi Magnússyni í Roðgúl, Kolbeini Jónssyni í Ranakoti og Þorleifi Kolbeinssyni á Stóru-Háeyri. Hins vegar er svo þáttur hans um veðurmerki og veðurspár í Árnessýslu, sem líklegt er að vekja muni mikla athygli. Skal ósagt látið um það, hvaða dóma hinir lærðu veðurfræðingar muni fella um þetta mál Jóns Pálssonar. En leikmaðurinn hlýt ur að telja þennan þátt fróðlegan og verðan athygli. Og vissulega fer vel á því, að Jón Pálsson skuli hafa ritað um þetta efni svo ýtarlega og skemmtilega, sem raun hefur á orðið, því að hér er um fróðleik að ræða, sem hætt er við, að ella hefði týnt og fyrnt eins og margt annað, er gengnar kynslóðir tóku með sér í grafir sínar og ekki verður endurheimt. Og ef til vill kann svo að fara, að þessar athuganir Jóns verði ekki taldar ómerkari en margar þær minjar, sem búinn er staður í söfnum þeim, sem lýsa eiga lífi og sögu Íslendinga.

Veðurfræði hinna hraustu dregja, sem sjóinn sóttu fyrr um af hrjósturströnd Suðurlands, er ef til vill barnaleg að dómi þeirra, sem hafa stásstofur höfðingjanna í Reykjavík að vistaverum og skrifstofur þeirra að starfsstöðvum. En samt sem áður er hér um að ræða minningar frá liðnum öldum, sem víst er engan veginn óþjóðlegri fróðleikur en ýmislegt það, sem útgefendur og auglýsendur nefna þjóðlegan fróðleik og telja mikils um vert, að almenningur meti til kaupa. Og Jón hefir með þessum þætti bókar sinnar brugðið upp myndum af þjóðlífi og þjóðarhögum frá liðnum öldum, sem Íslendingum er sæmd að geyma.

Enn þann dag í dag gætir ýmissa áhrifa þessara fræða forfeðranna, þótt nú sé öldin önnur en í uppvexti Jóns Pálssonar og bræðra hans. Til kunna þeir raunar að vera, sem telja óþarft að signa sig, þegar róið er á vélbáti, eins og ofurhuginn kvað að orði. Margir munu þeir þó vera, sem telja sér hollt og skylt að líta til lofts — gá til veðurs — og hagnýta sér veðurfræði forfeðranna, sem Jón Pálsson rekur skilmerkilega og skemmtilega í þessu fyrsta hefti ritbálks síns.

Jón Pálsson segir í eftirmála að þessu fyrsta hefti Austantóra, að hann sé enginn „kæmeistari sé konubróðir“ í íslenskri málfræði, setningar skipun eða réttitun enda eigi „skólagenginn maður“. Guðni Jónsson hefur að sjálfsögðu ver

ið Jóni um þetta sem fleira hollur ráðgjafi. Gefur það að skilja, að Guðni hafi haft yndi af því að fjalla um þennan ritbálk Jóns Pálssonar, enda hefur verkefni þetta verið um margt heillandi fyrir hann og svo að segja í sérgrein hans, eins og hann kemst sjálfur að orði í formála bókarinnar. En engum þeim, sem bók þessa les, dylst stilspróttur og frásagnargleði höfundar hennar. Mál bókarinnar er svo fagurt og þróttugt að margur langskólagenginn rithöfundur yngri kynslóðarinnar mætti öfunda höfund hennar.

Bækur sjálfmenntaðra og greindra alþýðumanna slíkra sem Jóns Pálssonar og Eyjólfs Guðmundssonar bera vissulega íslenzkri alþýðumenntun fagurt vitni og mættu færa mönn um heim sanninn um að, að íslenzkt mál verður eigi aðeins lært á skólabekkjum eða af orðabókum. — Beri æskan gæfu til þess að nema og skilja það mál, sem lifað hefur á vörum íslenzkrar alþýðu gegnum ár og aldir, þarfi enginn að óttast feigð íslenzkunnar. Sú tunga, sem alþýðan talar við störf sín

Framh. á 6. síðu

ALÞYÐUBLADIÐ

Austantórirur Jóns Pálssonar

Frh. af 4. síðu.

og leiki, býr yfir tegurð, og þrótti, og verður ómengduðust numin af vörum hennar sjálfrar. Sú tunga er hert í hreinsun areldi harðrar baráttu og lífsreynslu og hæfir bezt Íslandi og Íslendingum. Þetta mál hefur sunnlenzki þræðapulurinn, sem reit Austantórirur, numið, í tign þess og töfrum, mýkt þess og hörku. Það er því vissulega ástæðulaust fyrir Jón Pálsson að afsaka málið á bók sinni eftir að slíkur kunnáttumaður sem Guðni Jónsson hefur fjall að um stafsetningu og greina-merki.

Fróðleikurinn í Austantórum er mikill. En þó má margt lesa milli línanna í þeirri bók. Það geta þeir fyrst og fremst sem notið hafa þeirrar ánægju að kynnast Jóni Pálssyni eða hafa af honum nánar spurnir. Þessi bók lýsir ekki aðeins sérvitrum manni, sem heyrir sér fróðleik um menn og háttu liðinna ára, skyggnist oft til lofts og láðar, gerir athuganir og kannanir, sem hversdagsmenn láta fram hjá sér fara. Sé nánar að gætt, lýsir bókinn einnig — og kannski ekki síður — manni, sem ann héraði sínu og landinu af heil um hug, manni, sem telur sér

ekki minnkun að því að lúta að litlu jafnframt því sem hann kannar hið máttka og mikla, manni, sem hyggur að og ann fuglum og dýrum. Dýravinurinn og mannvínurinn yfirgefur fræðapulinn og náttúruskoðar ann aldrei. Þeir eiga hvarvetna samleið í þessari bók, enda eru þeir allir hold af holdi og blóð af blóði Jóns Pálssonar

Ættmenn Jóns Pálssonar hafa getið sér mikinn orstír fyrir tónlist, og Jón hefur lagt rækt við þá listgrein af alúð og reynzt henni þarfur um margt að ég ætla. Og tónlistarmaðurinn Jón Pálsson er líka til staðar í Austantórum. Jón heyrir óma brimsins við strönd Suðurlands ekki síður en Páll frændi hans og fjölmargir aðrir ættmenn hans fyrr og síðar. Skerja garðurinn við Stokkseyri er ekki aðeins virkisveggur, er hrindir áhlaupum herskára fylkinga. Hann er jafnframt harpa hafsins. Og hljómar hennar endur óma í bók Jóns Pálssonar ekki síður en sönglögum og hljómkviðum Páls Ísólfssonar og frænda hans, sem fundu tónlistina að köllun.

Austantórirur verður efalaust vinsæl bók meðal allra þeirra, sem unna þjóðlegum fróðleik og minningum frá liðnum árum og öldum. En sér í lagi verður hún, ef að líkum lætur, vinsæl í Árnesþingi og heima á Stokkseyri — byggðinni á hrjósturströndinni, þar sem lognsærinn ljómar og brimaldan rís.

Helgi Sæmundsson